



SÉRKENNSLA- SÉRKENNSLUÁÆTLUN

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með sérkennslu í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Ber ábyrð á ráðgjöf, fræðslu og eftirfylgd vegna barna er njóta sérfræðiaðstoðar eða sérkennslu í grunnskólanum. Bæði til kennara og foreldra. Kemur málum í farveg er þarfnast frumgreiningar eða endurmats og sér til þess að viðkomandi barni sé vísað í nánara mat ef þurfa þykir. Sérkennslufulltrúi hefur umsjón með að nemendur hljóti sérkennslu samkvæmt lögum og sérkennslusamningi við Hafnarfjarðabæ. Ber ábyrgð á gerð sérkennsluáætlana, metur sérkennsluþörf og er í samskiptum við obinberar stofnanir á fyrsta, öðru og þriðja þjónustustigi, eftir eðli málanna.

1. stig : Á fyrsta þjónustustigi er lögð áhersla á almennar og fyrirbyggjandi aðgerðir, forvarnir og fræðslu en einnig frumgreiningu, snemmtæka íhlutun og þjónustu í nærumhverfinu vegna vægari tilfella. Starfsemi grunnþjónustunnar tekur því til þess hóps sem annaðhvort býr við góða geðheilsu eða glímir við algeng og/eða væg einkenni geðheilsuvanda sem kallar ekki á langvarandi þjónustu sérfræðinga eða róttæk inn grip og meðferðarúrræði.

2. stig: Ef geðheilsuvandi barns eða unglings kallar á ítarlegri greiningu, íhlutun sérfræðinga eða sértæk úrræði koma aðilar á öðru stigi þjónustukerfisins, þ.e. ítarþjónustunnar, til skjalanna. Getur þar verið um ýmsa aðila að ræða, s.s. sérhæfð meðferðarteymi, sérfræðinga sem starfa ýmist sjálfstætt eða innan heilsugæslustöðva, barnavernd eða eða þroska- og hegðunarstöð.

3. Stig: Um 2–5% allra barna og unglinga eiga við svo alvarlegan geðheilsuvanda að etja að málum þeirra er vísað til aðila á þriðja þjónustustigi, þ.e. sérþjónustunnar. Aðilum á þriðja



Þjónustustigi er einungis ætlað að sinna flóknustu og erfiðustu tilfellunum innan sérhæfðra stofnana. Í slíkum tilfellum er Barnaskólinn í samstarfi við viðeigandi fagaðila.

Sérkennsluáætlun

Sérkennsluáætlun tekur mið af þeim beiðnum sem borist hafa til sérkennslustjóra að vori yfir þau börn sem þurfa á sérkennslu að halda næsta skólaár. Börnum er forgangsraðað eftir stöðu þeirra í námi og forsendum. Tekið er mið af greiningargögnum ef þau liggja fyrir. Að hausti eru þarfir hvers kjarna einnig metnar af sérkennslustjóra og umsjónarkennara og sett í farveg. Er þörfum hvers og eins barns mætt strax þó greiningargögn liggja ekki fyrir.

Einstaklingsnámskrá

Samkvæmt grunnskólalögum eiga öll börn rétt á kennslu við sitt hæfi. Einstaklingsnámskrá er gerð þegar barn þarf á sérstökum úrræðum að halda og fær séraðlagað námsefni. Í þessum hópi eru börn með sértæka námserfiðleika, með einbeitingar-, félags og/eða tilfinningalega erfiðleika og börn með fötlun sem hamlar þeim náms- og/eða félagslega. Einstaklingsnámskrá byggir á aðalnámskrá en felur oft í sér veruleg frávik frá henni og tekur til markmiða, inntaks og leiða fyrir ákveðið tímabil. Einstaklingsnámskrá byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunarprófum. Þörfum barns er ætíð mætt strax við upphaf skólagöngu svo fremi sem upplýsingar liggja skýrt fyrir um þarfir. eru þarfir annars metnar jafnóðum og umhverfið aðlagað þörfum barnsins. Einstaklingsnámskrá tryggir að börn með sérþarfir fái kennslu aðlagaða að getu og hæfileikum sem metið er svo jafnt og þétt yfir árið.

Skilafundir - teymisfundir

Skilafundir á niðurstöðum greininga frá sérfræðingum eru haldnir með foreldrum/forráðamönnum, viðkomandi umsjónarkennara, sérkennslustjóra og aðilum eftir ástæðum. Í framhaldi af niðurstöðum er skoðað og skipulagt hvernig þörfum barnsins verður sem best mætt áfram. Teymisfundir eru haldnir tvisvar á önn og oftár ef þörf er á.



Meðferð trúnaðarskjala

Ein af meginreglum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt. Þetta felur m.a. í sér þagnarskyldu og trúnaðarskyldu þeirra sem vinna með persónuupplýsingar. Allir þeir aðilar sem á einn eða annan hátt koma að kennslu, greiningu eða öðru innan Barnaskóla Hjallastefnunar eru upplýstir um ábyrgð sína og þagnar- og trúnaðarskyldu gagnvart því sem þeir sjá og heyra innan veggja skólans. Óskað er eftir undirskrift yfirlýsingar um þagnar- og trúnaðarskyldu sem tekur til hvers konar ábyrgð og skyldur þeir bera sem sinna verkefnum innan skólans. Skólastjóri og deildastjóri sérkennslu sjá um að láta alla starfsmenn skóla sem og þá verktaka sem sinna stökum verkefnum skrifi undir slíka yfirlýsingu. Trúnaðargögn eru þau gögn sem skólinn varðveitir frá sérfræðingum og hafa ma. að geyma upplýsingar um niðurstöður greininga yfir nemendur. Foreldrar eiga sjálfir eigið eintak af þessum gögnum en ef svo er ekki þá eiga þeir rétt á því að fá afrit af þessum pappírnum. Samkvæmt lögum ber skólum að skila slíkum gögnum á milli sín. Skólinn geymir afrit af öllum þeim gögnum sem tileyrir börnum skólans í læstum hirslum.